

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um kirkjuþing nr. 729/1998.

1. gr.

2. ml. 1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Sóknarnefndarmenn í 4.-9. kjördæmi hverju fyrir sig kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Heimilt er kjörstjórn að láta kjörskrá liggja frammi á fleiri stöðum svo og að birta hana á svæði þjóðkirkjunnar á Netinu.

3. gr.

Við 3. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Kjörgögnum presta skal fylgja kjörskrá presta í hlutaðeigandi kjördæmi.

4. gr.

11. gr. orðist svo:

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar er skipuð þremur mönnum og þremur til vara, til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra vera löglærður sem og varamaður hans. Kosning til yfirkjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir kjör kirkjuþings.

5. gr.

5. mgr. 17. gr. orðist svo:

Forseti ber ábyrgð á rekstri kirkjuþings og hefur æðsta vald í stjórnslu þess. Honum ber að sjá til þess að rekstur sé innan samþykktra fjárheimilda. Forseti hefur starfsaðstöðu á biskupsstofu og nýtur aðstoðar starfsmanns þar, sem sinnir erindum forseta sérstaklega. Hann fylgir eftir samþykktum kirkjuþings gagnvart kirkjuráði sbr. 27. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og hefur sér til samráðs varaforseta og formenn löggjafarnefndar, fjárhagsnefndar og allsherjarnefndar þingsins. Forseti nýtur launa samkvæmt ákvörðun þóknanaefndar.

6. gr.

5. tl. 18. gr. fellur niður.

7. gr.

Við 19. gr. komi ný 1. málsg. svohljóðandi:

Þingmál skulu að jafnaði berast forseta eigi síðar en hálfum mánuði fyrir þingbyrjun og sendast þingmönnum þegar í stað.

8. gr.

6. tl. 35. gr. orðist svo:

Þóknananefnd kirkjunnar. Kirkjuráð tilnefni tvo en kirkjuþing tilnefni einn sem er formaður. Nefndin ákveður þóknun fyrir þau störf á vegum kirkjunnar sem ekki er ákveðin af öðrum aðilum.

9. gr.

39. gr. orðist svo:

Kirkjuþingsmenn og aðrir sem seturétt eiga á kirkjuþingi fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem þingið situr.

Ef varamaður er kvaddur til skal hann fá þingfararkaup fyrir hvern dag sem hann situr þingið, en greiðsla til aðalmanns fellur brott sama tíma.

Þóknananefnd ákveður laun kirkjuþingsfulltrúa.

Kirkjuþingsmenn sem eiga lengri leið á kirkjuþing en 50 km frá heimili fá greiddan akstur fram og til baka eða flugfargjald og leigubílakostnað eftir því hvor ferðamátinn er hagkvæmari. Þóknananefnd sker úr ágreiningi sem kann að koma upp um þetta efni.

Dagpeningar skulu greiddir starfsdaga kirkjuþings að viðbættum einum degi samkvæmt reglum ríkisins um dagpeningagreiðslur.

Kirkjuþingsmenn sem ekki fá greidda dagpeninga fá greitt fyrir akstur umfram 100 km eftir framlögðum reikningi og fæði á þingstað starfsdaga þingsins.

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar árið 2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 6. gr. þessara starfsreglna um þingfararkaup skulu einnig gilda fyrir þetta þing, enda falli kosning þingfararkaupsnefndar niður á þessu þingi.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.